



Leiðbeiningar til starfsmanna sorphirðu varðandi hlífðargrímur (maska)

Heilbrigðisráðherra hefur veitt starfsemi sorphirðu undanþágu frá samkomubanni og 2 metra reglu að settum skilyrðum varðandi sóttvarnir. Gæta þarf að því að fara að leiðbeiningum um sóttvarnir. Meðal annars er mikilvægt að snerta ekki sorp fyrir utan tunnurnar heldur eingöngu tunnurnar og því að taka ekki umframsorp. Afar mikilvægt að fara ekki með óhreinar hendur (með eða án hanska) í andlit, nef, mun og augu því það er smitleið veirunnar. Handhreinsun er því nr. 1, 2. og 3 sem besta smitvörnin.

Notkun maska sem vörn gegn smiti getur verið tvíþent og gefið falskt öryggi. Ef ekki er rétt með maskann farið og sífelld er verið að eiga við hann með óhreinum höndum eða hönskum getur smithætta aukist. Kórónaveiran berst ekki milli manna með öndun heldur eingöngu úðasmiti vegna hnerra eða hósta frá smituðum einstaklingi eða með snertismiti, þegar smitaður flötur er snertur og hendur svo settar í munn, nef eða augu. Maski er því ekki vörn gegn smiti nema í umgengni við smitaða einstaklinga sem hósta eða hnerra. Séu starfsmenn með flensueinkenni ber þeim að vera heima og tilkynna veikindi.

Því er ekki gerð krafa um að starfsmenn sorphirðu séu með maska við vinnu, hvorki í bílum né úti við vinnu.

Ef maskar eru notaðir er mikilvægt að það sé gert þannig að ekki aukist hætta á smiti. Mikilvægt er að fara úr hönskum og spritta hendur eða þvo með sápu áður en maski er settur upp og eins áður en hann er tekinn niður. Þegar maski hefur verið settur upp skal ekki fara með hanska eða óhreinar hendur í andlit eða maska. Best er að setja upp maska þegar vinna er hafin að morgni og taka ekki af fyrr en farið er í mat og þá þegar búið er að þvo eða spritta hendur og spritta svo hendur að nýju þegar maskanum hefur verið hent. Ef maski verður blautur t.d. vegna raka frá öndun er hann gagnslaus og skal endurnýja eða hætta notkun. Hér má sjá myndband um rétta notkun maska

https://www.youtube.com/watch?v=M4olt47pr_o&feature=youtu.be

Ítrekað er mikilvægi handþvottar og sprittun handa og að bera ekki óhreinar hendur (með eða án hanska) að andliti.